

sem engir ungar voru, því um ungatímann var í milli þeirra, ef ekki opinber þá samt býsna lifandi fjandskapur.

Kisi hlepti upp kryppunni, haninn hreykti kambinum, og þeytti vindi í hálsfjaðrirnar. Kötturinn geispaði, haninn hristi sig. Það var altaf eitthvert samræmi í hreifingum hvers um sig. Hver einasta hæna hafði stöðugt auga á þessu aðskotadýri, sem hafði brotist inn í ríki þeirra. Þær virtust ekki gefa drengnum sérstakan gaum.

Hann var nú búinn með eggjamatinn og leið reglulega vel, var glaður í anda eins og saddir menn eru vanir að vera, og því fanst honum rétt að hænsin og kötturinn ættu að leika sér líka.

Um leið og hann stóð á fætur til þess að reka hálfsofandi hænsin ofan af ránum, tók hann eftir einhverjum raka á öðru lærinu á sér. Það kom frá vasanum. Hann þreifaði ofan í hann, og greip lúkufylli af einhverju blautu. — Ó, það var rauða maukið, sem hann stal af súnni inni í eldhúsinu.

Skyldi það vera ávaxtamauk? Óhætt var að bragða á því. Nei það var sambland af einhverju súru og sterku! Það var auk heldur reglulega bragðilt. Hamingjan mátti vita nema hænsin vildu eta það.

„Hott, hó, hæ! . . . Niður með ykkur! Hæ, stóri hani, — Niður af ránni með allar maddömunar þínar! . . . Kisi! . . . Niður úr glugganum, bjáninn þinn!“

Kötturinn hvæsti og dró sig innst inn í horn á gluggakistunni. Haninn og hænurnar klökuðu og gögguðu, bröltu á bæxlunum niður á gólfid. . . og hlemdu sér með áflogum og græðgi ofan í rauða maukið, sem Lúðvík hafði stráð út um hálminn.

O—o, en hvað þau átu, átu og átu. Og því meira sem þau átu, því meiri hávaða gjörðu þau. Strákurinn klakaði, galaði og hvein í kapp við hænsin, hringlaði innan um þau eins og félagi þeirra. Kisi sat einn uppi í glugga, skaut upp kryppunni og glápti á allan skrípaleikinn með djöfullegu augnaráði. Ef hann hefði getað sungið kaflann úr „Faust“ eftir Gounod, myndi hann hafa breytt bassaröddinni í kattarmjálms og sungið:

„Kölski stýrir dansi dátt,
dunar Vítis höll.“ —